

15. febrúar 2013.

Umsögn um mál nr.420 á 141. Löggjafarþingi 2012-2013.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr.19/1940

Umsögn réttindagæslumanna fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi:

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi hvetja Alþingi til að endurskoða fyrirbyggjandi frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940. Fyrirliggjandi frumvarp er andstætt þeim viðhorfum sem m.a. koma fram í Samningi Sameinu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þau viðhorf sem samningurinn byggir á er í samræmi við þær viðhorfsbreytingar sem hafa orðið á síðustu árum og sem eru stöðugt að þróast í viðurkenningu á auknum mannréttindum fólks sem er með fatlanir.

Það er ljóst að ákveðnir hópar fatlaðs fólks muni falla undir ákvæði frumvarpsins, t.d. fólk sem er með alvarlegar og flóknar skerðingar m.a. vegna alvarlega sjúkdóma og heilaskaða.

Við sem réttindagæslumenn fatlaðs fólks leggjum áherslu á að fólk fái nauðsynlega þjónustu. Stundum þarf fólk mjög mikla þjónustu sem er sniðin að sérstakri fötlun viðkomandi. Í stað þess að grípa til aðgerða sem skerða mannhelgi fólks, þá er lögð áhersla á að fólk fái þá þjónustu sem stuðlar því að það njóti virðingar sem fullgildar manneskjur. **Í 2. grein** frumvarpsins, kemur fram að ef vægari ráðstafanir séu „ekki fullnægjandi og má þá ákveða í dómi að maður skuli vistaður á geðdeild, viðeigandi heimili eða stofnun.“ Hlutverk okkar er að standa vörð um mannhelgi fólks. Þess vegna leggjum við áherslu á að það skuli alltaf leita allra leiða til að veita þjónustu sem mæti þörfum fólks og þar sem fólk njóti fullrar virðingar sem manneskjur. Við teljum að **2. gr.** frumvarpsins sé ekki í samræmi við þetta hlutverk okkar.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er lögð áhersla á að allir njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra. Það er lögð áhersla á virðingu fyrir öllum og lögð er áhersla á vitundarvakningu um réttindi fatlaðs fólks og unnið skuli gegn viðhorfstengdum tálmunum.

Við teljum að fyrirbyggjandi frumvarp vinni gegn þessum markmiðum Samnings Sameinuðu þjóðanna. Sérstaklega vörum við ótímabundinni vistun á geðdeild eða stofnun, **sbr. 3. gr.** Við vörum við því að í frumvarpinu er ekki aðeins vísað til þess sem fólk hefur brotið af sér, heldur er í **5. gr.** vísað til hugsanlegra brota þegar viðkomandi hefur lokið afplánun.

Þess vegna leggjum við til að Alþingi endurskoði Frumvarp til laga um breytingu á hegningarlögum.

Virðingarfyllst

Magnús Þorgrímsson og Kristjana Sigmundsdóttir

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi